



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-U006**

Dagsetning: **18. mars 2015**

Staðsetning: **Bílastæðahús við Mjóstræti**

Atvik: **Ekið á burðarsúlu í bílastæðahúsi**

Látinn: **89 ára karlmaður**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Aðstæður

Veður og birta:

Slysið varð inni í upplýstu bílastæðahúsi.

Vegur:

Steypt slitlag. Þurrt yfirborð. Hámarkshraði 30 km/klst.

Tími sólarhrings:

12:29

Ökutæki:

Honda CR-V

Samantekt

Slysið varð á annari hæð bílastæðashúss við Mjóstræti þann 18. mars 2015. Ökumaður fólksbifreiðar, 89 ára karlmaður, var á leið út úr bílastæðahúsinu er hann ók á burðarsúlu sem þar er. Samkvæmt sjúkragögnum hafði ökumaður átt við heilbrigðisvandamál að stríða. Vegna slyssins vísar RNSA í fyrri tillögu í öryggisátt, er varðar heilbrigðisvandamál og endurnýjun ökuréttinda. Tillagan kemur fram í skýrslu um banaslys sem átti sér stað á Nauthólsvegi, 15. febrúar 2015.

Lýsing á slysi

Slysið varð á annari hæð bílastæðashússins við Mjóstræti í Reykjavík þann 18. mars 2015. Ökumaður fólksbifreiðar var á leið út úr bílastæðahúsinu er hann ók á burðarstólpa sem þar er. Við áreksturinn blésu loftpúðar bifreiðarinnar út en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist ökumaður hafa notað bílbelti. Ökumaður hlaut innvortis áverka við slysið og var fluttur á gjörgæsludeild. Ökumaðurinn lést vegna afleiðinga slyssins þann 29. mars 2015.

Engin vitni voru að slysinu, en vegfarandi kom að þegar ökumaður var að stíga út úr bifreiðinni. Svo virðist sem ökumaður hafi ekið án viðstöðu á burðarstólpann. Vegfarandinn skýrði svo frá að ökumaður hafi verið illa áttaður eftir slysið og ekki getað ekki gefið skýringar á því. Engin hemlaför voru á vettvangi.

Slysið var ekki tilkynnt RNSA fyrr en 2 vikum síðar.



Mynd 1. Ákoma á hægri framhlið ökutækis.



Mynd 2. Burðarstólpinn sem ekið var á



Mynd 3, úr skýrslu lögreglu. Myndin sýnir endastöðu ökutækis eftir ákeyrslu við súluna.

Hermun af atburðarrás slyssins var gerð með PC-Crash 10.2 hugbúnaðinn og gerð hröðunargreining. Út frá henni má sjá mögulegan hámarkshraða eftir 16 metra akstur. Hraði ökutækisins getur mest náð 35 km/klst á þeirri vegalengd, en þess skal getið að umrætt ökutæki var 15 ára gamalt og ökuleiðin bæði þröng og krafðist þess að ökumaður stýri bifreiðinni. Því er afar ólíklegt má telja að þessum hraða geti verið náð við þær kringumstæður sem þarna voru.

Ökutæki og ákoma

Ökutækið var fólksbifreið af gerðinni Honda CR-V. Samkvæmt lögregluskýrslu var mest ákoma á framanverðu á hægra frambretti og blésu loftpúðar út. Sú staðreynd að loftpúðar blésu út við slysið bendir til að hraði hafi verið um eða yfir 20 km/klst. Ökutækið var ekki skóðað eftir slysið en það hafði hlotið aðalskoðun án athugasemda þann 21. janúar 2015, tæpum tveimur mánuðum fyrr.

Heilsufar ökumanns

Samkvæmt sjúkragögnum lést ökumaður vegna fjöláverka sem sem hann hlaut í slysinu en gögn sýndu einnig að hann hafði undirliggjandi hjartasjúkdóm sem kann að hafa átt þátt í því að slysið varð.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Áfengis og lyfjaprófun var ekki framkvæmd eftir slysið.

Orsakagreining

- Sennilegt er að ökumaður hafi stigið á bensínjölf í stað hemla í aðdraganda slyssins og það orsakað ákeyrsluna á burðarsúluna.
- Ökumaður átti við heilbrigðisvandamál að stríða og kann það að hafa haft áhrif á getu hans til þess að stjórna ökutæki örugglega.

Tillaga í öryggisátt – Skert ökuhæfi vegna veikinda.

Samkvæmt sjúkragögnum átti ökumaður við heilbrigðisvandamál að stríða. Í skýrslu RNSA um banaslys á Nauthólsvegi sem varð 25.2.2015 gerir nefndin tillögu í öryggisátt um breytingar á því kerfi sem unnið er eftir og varðar heilbrigðiskröfur og ökuréttindi. Vegna þessa máls áréttar nefndin tillöguna og vísar í þá skýrslu til nánari upplýsinga.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 22. desember 2016
Rannsóknarnefnd samgönguslysa